

TILLAGA

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnun ar

Áætlaðar göngu- og hjólastígaframkvæmdir 2022.

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð veiti heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna fyrir eftirtaldar stígaframkvæmdir:

Aðskildir göngu- og hjólastígar:

- Skógarhlíð, frá Litluhlíð að Miklubraut.
- Elliðaárdalur, Vatnsv eitubru – Breiðholtsbraut, stígagerð og brýr.
- Arnarnesvegur / Breiðholtsbraut, stígur og brú.
- Krókháls/Dragháls, frá Höfðabakka að Suðurlandsvegi.

Greinargerð

Í meðfylgjandi kynningu er yfirlit yfir framkvæmdirnar og nánari lýsing á hverri framkvæmd. Gert er ráð fyrir að hluti verkefnanna verði greiddur af samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins í samræmi við samkomulag þar um en önnur verkefni af viðkomandi liðum fjárfestingaráætlunar, svo sem hjólreiðaáætlun og gerð stíga í eldri hverfum.

Áætlaður heildarkostnaður við ofantalda stíga er um 1.350 milljónir króna og heildarlengd þeirra er tæpir 6 km.

Undirbúningur vegna ofangreindra stíga er kominn mislangt á leið, en stefnt er að því að framkvæmdir við þá alla hefjist á árinu 2022. Á árinu er einnig gert ráð fyrir að halda vinnu áfram við eða ljúka áður kynntum framkvæmdum við:

- Sörlaskjól / Faxaskjól.
- Rafstöðvarvegur, Toppstöð – Bíldshöfði.
- Eiðsgrandi og Ánanaust.
- Hálsabraut.
- Þverársel við ÍR.
- Rofabær, borgargata.
- Réttarholt, Réttarholtsvegur að Sogavegi.
- Kjalarnes, Hringvegur (1), Varmhólar – Vallá.
- Elliðaárdalur – Hitaveitustokkur.
- Háaleitisbraut – Bústaðavegur, gatnamót.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri